



**Nýársávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
1. janúar 2009**

Góðir Íslendingar.

Við Dorrit óskum ykkur öllum gleðilegs árs og vonum að nýir tímar verði hverjum og einum og þjóðinni allri farsælli en liðið ár.

Hátíðardagar, jól og áramót, hafa minnt okkur á hin traustu gildi, mikilvægi fjölskyldunnar, vináttubanda, samstöðunnar þegar áföll og erfiðleika ber að garði. Helgihald, vinagleði, nálægð og kyrrð í kirkju eða á heimili veita okkur innri styrk, þrótt til að glíma við breytta tilveru og hefjast handa á nýjan leik.

Þúsundir fjölskyldna horfast nú í augu við atvinnuleysi, tekjutap, eignamissi. Óvissan um afkomuna eða húsnæðið er nístandi á hverjum degi, sárt að þurfa að neita börnum sínum og ástvinum um margt sem áður var sjálfsagt og eðlilegt.

Við höfum líkt og aðrar þjóðir lent í hringiðu hamfaranna í hagkerfi heimsins en þó beðið meira tjón en flestir aðrir, að nokkru leyti vegna mistaka og vanrækslu á heimaslóð, en einnig vegna þess að stoðir fjármálakerfisins sem hafið var til vegs á Vesturlöndum á undanförunum áratugum reyndust fúnar, hreyfiaflið skyndigróði, skammtímafengur, en aðhaldi, sparnaði, varfærni og almannaheill einatt vikið til hliðar.

Á slíkum vegamótum ríkir réttlát reiði í brjóstum margra, almenningur krefst reikningskila, fjöldafundir eru vettvangur mótmælenda, víðtæk hreyfing berst fyrir gagngerum breytingum. Í lifandi umræðu, á torgum og á borgarafundum, í fjölmiðlum og í netheimum er kallað eftir nýjum siðferðisgrunni, endurmati sem byggir á gagnsæi og ábyrgð, trausti, heiðarleika og trúnaði.

Lýðræðisaldan sem risið hefur meðal þjóðarinnar er brýn vakning, vísar veginn til hins nýja Íslands sem krafist er á útifundum, og í samræðum og hjörtum fólksins. Hún er nauðsynlegur undanfari

endurreisnar, vitnisburður um að með fólkinu í landinu býr afl til sóknar, ríkur vilji til að ná áttum á ný, skapa samstöðu um réttlátara samfélag og leggja grundvöll að traustu hagkerfi og varanlegri velferð á komandi tímum.

Á liðnum árum hafa margir gert mistök, stór og smá, og það er áriðandi að hver og einn leiti þeirra og viðurkenni, dragi af þeim lærdóma. Það hef ég reynt að gera, meta heiðarlega hvernig ég gekk of langt í málflutningi og liðsinni við starfsemi íslenskra banka og fjármálafyrirtækja erlendis, fundið hve áriðandi er að gaumgæfa betur gagnrýnisraddir og grasrótina, að efinn verður ætíð að vera með í för, einkum þegar hætt er við að kappið skyggi á forsjána; mikilvægt að muna þann gamla sannleik að hin raunverulegu verðmæti eru jafnan traustari en pappírsgróði.

Slík sjálfsrýni gerir vonandi mig og aðra betur búna til að axla ábyrgð í framtíðinni, þjóna fólkinu í landinu í anda þess trúnaðar sem okkur er falinn. Þó er rétt að áréttta að skylda forsetans hefur í vaxandi mæli verið að veita íslenskum hagsmunum, vísindum og listum brautargengi í veröldinni, leggja lið á mörgum sviðum. Það var þáttur í kjöri mínu, umboðinu sem þjóðin veitti mér í sérhverjum kosningum.

Ráðherrar í ríkisstjórnnum og fulltrúar á þjóðþinginu þurfa einnig að líta um öxl, skoða á gagnrýninn hátt margvíslegar ákvarðanir, löggjöf og regluverk. Sama gildir um stjórnendur í stofnunum fjármála og eftirlits, forystusveitir í bankarekstri og fyrirtækjum sem gleymdu að gæta sín í siglingu sem fór á stundum með himinskautum.

Heiðarleiki, hógværð og auðmýkt þurfa að vera leiðarljós okkar allra sem höfum á undanförunum árum borið ábyrgð. Fulltrúar sem þjóðin valdi til forystu eiga að sýna einlægán vilja til samræðna um lærdómána sem draga má af mistökunum. Enginn sem falinn er trúnaður getur skorist úr leik.

Þjóðin biður um upplýsingar og uppgjör, opnar og hispurslausar umræður. Ef sá vilji er ekki virtur mun reynast torsótt að skapa nýjum tímum traustan grundvöll.

Þó var ánægjulegt að finna á fjölmörgum fundum sem ég hef sótt í skólum landsins, á vinnustöðum, í velferðarstofnunum og byggðarlögum að þrátt fyrir hið mikla áfall ríkir víða baráttuandi, sóknarhugur, jafnvel eftirvænting gagnvart því risaverkefni sem bíður okkar: „Nú öðlast mín kynslóð sögulegt hlutverk,“ sagði ungur maður við mig á Akureyri. Hann sá í erfiðleikum tækifæri til að skapa þjóðinni nýja framtíð, eiga þátt í ákvörðunum um réttlátara og betra samfélag.

Sú unga og menntaða kynslóð sem haslaði sér völl á undanförunum áratug naut þekkingar og reynslu frá öðrum löndum. Hún er þjóðinni dýrmæt auðlind og áriðandi að þrátt fyrir þrengingar haldi hún áfram að velja Ísland sem heimavöll en fari ekki burt eins og hent hefur víða í Mið- og Austur-Evrópu.

Í þessu efni er vert að muna að hin svonefnda útrás var ekki aðeins verkefni fáeinna bankastjóra eða athafnamanna. Í henni tóku þátt með öflugum hætti þúsundir ungra Íslendinga, hámenntað fólk í ólíkum fræðum, vísindamenn og sérfræðingar, hönnuðir og listamenn. Hún setti sterkan svip á nýsköpun í atvinnulífi, vöxt háskólanna, gróskuna í menningunni. Sú samvinna tókst á margan hátt afar vel, skóp reynslu sem nýtast mun á komandi árum.

Þótt illa færi í hinum alþjóðlega bankarekstri eru enn mörg íslensk fyrirtæki með öflugan rekstur, starfsemi víða erlendis, einkum þau sem byggja á þekkingu, reynslu og rannsóknum. Þau framleiða á hverjum degi verðmæti og vörur, hugbúnað og tækjakost sem eftirsótt eru um allan heim.

Sagan sýnir að eyþjóð í norðri þarf að vera athafnasöm á alþjóðavelli ef hún ætlar að tryggja börnum sínum blómlegan hag. Íslendingum hefur jafnan vegnað best þegar samskipti við umheiminn voru gefandi og greið; einangrunin leiddi ætíð til langvarandi fátæktar.

Árangur sjálfstæðisbaráttunnar festist í sessi þegar vélskip og togaraútgerð urðu grundvöllur alþjóðlegra fyrirtækja. Sölusamtök í sjávarútvegi og árangur Loftleiða í flugi milli heimsálfa skutu svo sterkum stoðum undir hið unga lýðveldi.

Það var útrás þeirra tíma; Íslendingum nauðsynleg. Þá var ungt fólk í fararbroddi líkt og að undanförunu. Víðtæk reynsla, þekking og hæfni sem þúsundir hafa aflað sér þarf nú að nýtast á sama hátt til ábyrgrar sóknar; brýnt að standa vörð um það sem vel var gert.

Mannauðurinn er lykilþáttur í endurreisn Íslands, virkjun hans forsenda þess að hagsæld og velferð verði hlutskipti allra. Því er kappsmál að sérhver fái sem fyrst fulla vinnu, að leitað sé allra leiða til að aðstoða þá sem um sinn búa við atvinnuleysi. Það er ekki neinum til vansæmdar að verða fyrir barðinu á uppsögnum, síst á tímum alþjóðlegrar kreppu sem skellur á okkur með fullum þunga. Þótt hún boði um sinn verri kjör sýnir sagan að kreppa getur líka leyst úr læðingi sterka krafta, falið í sér sóknarfæri eins og Kínverjar hafa með visku aldanna bundið í sérstök leturtákn: hætta á aðra hönd en tækifæri á hina; minna okkur þannig á tvíeðli kreppunnar.

Mikilvægt er að missa ekki sjónar á ríkulegum auðlindum Íslands, verðmætum sem við eigum umfram margar aðrar þjóðir.

Orkan í iðrum jarðar og þekkingin á nýtingu jarðhita og vatnsafls eru eftirsótt þegar glíman við breytingar á loftslaginu kallar á byltingu í orkubúskap heimsins. Nú spyrja Bandaríkjamenn – og munu enn frekar gera þegar nýr forseti tekur við völdum – en líka Kínverjar, Indverjar, Evrópubúar, þjóðir í Afríku sem og Mið- og Suður-Ameríku: Hvernig getum við náð samvinnu við Íslendinga og nýtt víðtæka reynslu þeirra á þessu sviði? Það áréttaði hið heimsþekkta tímarit Time fyrir fáeinum vikum og hlóð árangur okkar miklu lofi.

Fiskistofnar sem við höfum varðveitt betur en flestir aðrir verða líka áfram grundvöllur að útgerð og matvælavinnslu. Hið sama á við um landbúnaðinn, sem veitir okkur öfluga viðspyrnu, fæðuöryggi á óvissum tímum. Við þurfum ekki að ráðstafa gjaldeyri til innflutnings á matvælum né orkugjöfum í sama mæli og margar aðrar þjóðir.

Náttúra landsins, öræfin, fagrir staðir, víðáttan eru á hverju ári aðdráttarafli fyrir hundruð þúsunda ferðamanna og tækifærum í þessari atvinnugrein mun áfram fjölga. Ísland er líka eitt stærsta forðabúr af fersku drykkjarvatni sem fyrirfinnst á Vesturlöndum. Það er dýrmæt auðlind enda vatnsskortur vandamál veraldar í náinni framtíð.

Allt eru þetta ríkuleg verðmæti, raunverulegar auðlindir sem ættu ásamt hæfileikum landsmanna sjálfra og dugnaði að gera okkur kleift að vinna fljótt og vel bug á erfiðleikum.

Til að nýta þessi fjölbættu tækifæri, færa öllum skapandi vinnu og fjölskyldum viðunandi efnahag, þurfum við Íslendingar sem fyrst að ná samstöðu um endurgerð þjóðfélagsins, um réttlátara og lýðræðislega samfélag, um sáttmála sem mótaður yrði í krafti hinnar öflugu umræðu sem einkennt hefur viðbrögð þjóðarinnar.

Slíkir sáttmálar voru kjarninn í hugmyndum sem heimspekingar fyrri alda gerðu að grundvelli hins vestræna lýðræðis, þjóðfélagssýnar sem óf saman gildin sem hafa ætti að leiðarljósi. Sjálfstæðisbarátta okkar Íslendinga var öðru fremur háð með vísan í formlegan rétt, ákvæði í stjórnarskrá, uppgjör við Dani, deilur um ríkisráð og sambandslög, en umræðunni um gerð og grunngildi samfélagsins vikið um of til hliðar.

Nú þurfum við í kjölfar hinnar erfiðu reynslu að gefa okkur tíma til að móta sáttmála um samfélagið, ræða efni hans og áherslur á opnum fundum, á vettvangi skóla og atvinnulífs, í félagasamtökum, sveitarstjórnnum, á Alþingi og í fjölmiðlunum, sækja í smiðju annarra

þjóða, meta eigin sögu, arfleifðina, hugmyndir heimspekinga sem lögðu grundvöll að lýðræðinu.

Í slíkri umfjöllun hefðu allir ótvíræðan rétt til að láta í sér heyra, bæði málfrelsi og tillögurétt. Ef vel tækist til kæmi til greina að sáttmálinn yrði svo staðfestur í sérstakri atkvæðagreiðslu því gerð hans myndi byggja á valdinu sem er hjá fólkinu í landinu, þjóðinni sjálfri.

Á þann hátt myndi sáttmálinn efla samstöðu og gagnkvæmt traust, fela í sér samkomulag kynslóðanna, styrkja áherslur á gildin sem mölur og ryð fá eigi grandað, hófsemi, heiðarleika, aðhald og hyggindi, festa í sessi þá hugsjón um samhjálp sem ávallt hefur verið leiðarljós Íslendinga þegar áföll og hamfarir valda tjóni, lögmálið sem á rætur í stofnun hreppanna á þjóðveldisöld.

Í slíkum sáttmála gætum við hafið til vegs áherslur á hið opna, gagnsæja og lýðræðislega samfélag þar sem rétturinn til upplýsinga er ávallt virtur við ákvarðanir, stefnumótun og stjórnarhætti.

Sáttmálinn yrði vegvísir sem öllum bæri að virða; eins konar hljómbotn nýrrar sjálfsmyndar og siðferðilegur burðarás í hinu nýja Íslandi sem skapað yrði í kjölfar kreppunnar.

Endurreisnin, verkefni dagsins og næstu ára, myndi öðlast traustar undirstöður í þjóðarsamræðu af þessum toga, sáttargjörð um grunnþætti samfélagsins. En endurreisnin þarf líka að fela í sér þjóðaráttak um öfluga sókn.

Auðlindirnar sem ég nefndi áðan og hæfileikar landsmanna allra, verkvit og bókvit ættu að gera okkur kleift að ná á fáeinum árum fyrri styrk. Útflutningur á matvælum, tækni og hugbúnaði hefur haldið áfram; fjölmargir sprotar iða af frjórri nýsköpun. Glæsileg starfsemi Marels og Össurar, svo að dæmi séu nefnd, fyrirtækja sem enn sækja fram um víða veröld, átti sér einmitt upphaf í litlum garði.

Við ættum kannski líkt og sumar þjóðir sem lent hafa í stríði að kappkosta að gera sérhvern vinnustað að vettvangi sóknar, öll fyrirtæki, velferðarstofnanir, skóla og félagasamtök, alls staðar þar sem við göngum til verka, sinnum daglegri önn.

Við þurfum að sækja fram í sérhverjum firði, hverjum dal, í byggðarlögum, stórum og smáum, í hverfum Reykjavíkur og nágrennis, í sveitum landsins, sjávarbyggðum; horfa til nýrra tíma, sjá tækifærin sem eru að skapast – og þau eru mörg; nýta hugvit og hæfni; efla enn frekar það sem reynst hefur traust.

Við verðum að læra af mistökunum en muna um leið að Ísland er ríkulega búið að einmitt þeim auðlindum sem hin nýja öld gerir sífellt verðmætari, muna að saman lyftum við grettistaki í anda skáldsins:

„Maðurinn einn er ei nema hálfur,
með öðrum er hann meiri en hann sjálfur.“

Þjóðaráttak til nýrrar sóknar, til dæmis bundið við næstu tvö ár, gæti ásamt sáttmálanum um hið réttláta samfélag orðið viðspyrnan sem dygði, aflvaki sem leysti úr læðingi ótal krafta.

Það er mikið í húfi, framtíð og velferð Íslendinga. Fundirnir sem ég hef á undanförunum vikum átt með þúsundum landsmanna hafa sannfært mig um að þjóðin er reiðubúin að snúa vörn í sókn.

Nú þurfa allir að leggjast á árar og ég hef ákveðið að gera hvað ég get, heimsækja á næstu mánuðum og misserum alla landshluta og sem flest byggðarlög til að efla samstöðu um slíkt þjóðaráttak.

Við getum sem betur fer sótt hvatningu í fjölmargt sem vel var gert á liðnu ári, í sigrana sem þúsundir unnu, ungir og aldnir.

Íslensku landsliðin í knattspyrnu kvenna og handknattleik karla gerðu garðinn frægan og eru í þessum efnum fordæmi. Hjá þeim réð úrslitum samstaða og baráttuandi, agi og þjálfun, úthald og gleði. Hver og einn gerði skyldu sína, vissi að án hinna yrðu engin mörk skorðuð.

Höfum þessi frábæru landslið að fyrirmynd, gerum árangur þeirra að hvatningu um að taka höndum saman, færa Íslandi, börnum okkar og óbornum kynslóðum heill og heiður; bæði nú og ávallt; um alla framtíð.